

EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI í Svartsengi Svartsengi, Grindavík



Dags eftirlits	30.5.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	CRI í Svartsengi	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Borgartún 27, Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Þórðarson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	329903,036 383317,415

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

VOC mælingar í strompi voru framkvæmdar þann 12. febrúar sl. og voru gildi þeirra innan marka starfsleyfis sem er 35 g/Nm³. Mælingar í frárennsli voru einnig framkvæmdar í ár. Engin viðmiðunarmörk eru tilgreind í starfsleyfi varðandi þær mælingar en skulu þær vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Leitað var eftir heimild frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja varðandi áframhaldandi losun frárennslis í borholu SV-1 sem staðsett er rétt utan verksmiðju lóðar félagsins í Svartsengi. Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemd við nýtinguna en gerir kröfu á að gengið verði frá borholunni skv. tillögu í greinargerð ÍSOR-15037. Farið verður í framkvæmdir í sumar við að fódra borholuna skv. greinargerðinni.

Rekstraraðili hefur fengið undanþágu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu vegna gr. 2.8 í starfsleyfi, varðandi meðhöndlun alkóhóls í frárennsli. Gildir hún til 31. desember 2016 eða þangað til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út. Rekstraraðili hefur sent inn umsókn um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og vinna við frummatsskýrslu er hafin. Reiknað er með að þeirri vinnu verði lokið á þessu ári.

Rekstraraðili hefur einnig fengið framlengda undanþágu frá gr. 2.3 í starfsleyfi er varðar meðhöndlun útblástursgass með brennara. Rekstraraðili notar vothreinsun í stað brennara við hreinsun VOC-efna úr útblástursgasi. Gildir undanþágan þangað til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út, þó ekki lengur en til 1. febrúar 2017 og ber rekstraraðila að fylgja þeim skilyrðum sem sett eru upp í undanþágunni.

Daglegt eftirlit er á búnaði verksmiðjunnar varðandi þrýsting, leka og ástand. Góðar skráningar eru í rekstrarbók.

Þjálfun starfsmanna er góð og regluleg. Starfsmenn þurfa að standast regluleg próf varðandi örggi og vinnu við metanólframleiðslu.

Einn metanól geymir stóð á áfyllingarplani. Áfyllingarplan er tengt lekavarnarpró. Lítið sem ekkert álag er á olíuskiljuna og hefur hún ekki verið þjónustuð frá síðasta eftirliti.

Zinkoxíð sem skipt hefur verið út, er geymt á lóðinni. Það er í járntunnum, undir yfirbreiðslu og vel gengið frá því. Verið er að finna geymslu innandyra fyrir efnið, þar til fundin hefur verið hagstæð leið til förgunar, eftir viðurkenndum aðferðum. Amínlausn hefur einnig verið skipt út og var hún send til Efnamóttökunnar sem sendir efnið úr landi til eyðingar. Notaður lútur hefur verið sendur til Síldarvinnslunnar í Helgavík og er hann endurnotaður þar í vinnsluna. Bent er á að skoða þarf hvort að leyfi þurfi fyrir þessari endurnýtingu.

Gengið var um verksmiðjuna og umhverfi hennar skoðað.

Engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti og engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila eða rekstraraðila frá síðasta eftirliti.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.


ANNAÐ

Verksmiðjan hefur verið keyrð í 419 daga en skv. gr. 6.2 í starfsleyfi er heimilt að framleiða metanól samanlagt í tvö ár frá fyrstu gangsetningu verksmiðjunnar, þó ekki lengur en til 1. febrúar 2018.

Minnt var á að tilkynna til eftirlitsaðila alla keyrsludaga, í upphaf keyrslunnar og í lokin. Unnið er alla daga á 12 tíma vöktum.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.06.2016



Guðbjörg Stella Árnadóttir